

Nr. 210

28. febrúar 2017

## REGLUGERÐ

**um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2284  
um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 76/621/EBE að því er varðar fastsetningu  
á hámarksgildi fyrir erúkasýru í olíum og fitu og reglugerð ráðsins (EB) nr. 320/2006  
um tímabundna áætlun um endurskipulagningu sykuriðnaðar.**

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í XII. kafla II. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 231/2016, frá 2. desember 2016, öðlast eftirtalin ESB-gerð gildi hér á landi:

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2284 frá 25. nóvember 2015 um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 76/621/EBE að því er varðar fastsetningu á hámarksgildi fyrir erúkasýru í olíum og fitu og reglugerð ráðsins (EB) nr. 320/2006 um tímabundna áætlun um endurskipulagningu sykuriðnaðar. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 10, frá 16. febrúar 2017, bls. 157.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 28. febrúar 2017.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Ólafur Friðriksson.**

*Iðunn Guðjónsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 14. mars 2017